

Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík 29. mars 2022

**EFNI: Umsögn um frumvarp til laga um landlækni og lýðheilsu (skimunarskrá), 414.mál.**

Með vísan í tölvupóst sem Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) barst frá nefndasviði Alþingis þann 17. mars sl., þar sem HH var gefinn kostur á að skila inn umsögn um ofangreint mál, vill undirritaður koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri fyrir hönd HH.

Í greinargerð sem fylgir frumvarpinu, 6. lið (Mat á áhrifum), koma fram tölur um boð og þátttöku í skimunum árið 2021 sem þörf er á að leiðrétta.

Fjöldi kvenna á svokölluðum skimunardri fyrir skimun fyrir brjóstakrabbameini (40-74 ára) var 71.632 konur árið 2021. Alls komu 17.550 konur í skimun fyrir brjóstakrabbameini en 36.955 höfðu fengið boð. Þátttaka í skimun fyrir brjóstakrabbameini er reiknuð skv. alþjóðlegum viðmiðum sem meðaltalsþátttaka sl. 2ja ára með heildarfjölda kvenna á skimunardri í nefnara. Þátttaka í skimun fyrir brjóstakrabbameini 2021 var þannig reiknuð 54%.

Fjöldi kvenna á skimunardri fyrir skimun fyrir leghálskrabbameini (23-64 ára) var 100.423 konur árið 2021. Alls voru send út 29.000 boð um að koma í skimun en skimaðar voru 16.358 konur. Þátttaka í skimun fyrir leghálskrabbameini er reiknuð sem meðaltalsþátttaka sl. 3,5 ára með heildarfjölda kvenna á skimunardri í nefnara. Þátttaka í skimun fyrir leghálskrabbameini 2021 var þannig reiknuð 65%.

Ljóst er að gera þarf betur í að auka þátttöku kvenna í skimunum fyrir bæði brjósta- og leghálskrabbameini en tölurnar eru langt frá því eins slæmar og ætla mætti af þeim sem birtar eru í greinargerðinni með frumvarpinu.

Á hinn bóginn hefur HH engar athugasemdir við sjálft frumvarpið og fagnar því að lagastoð fyrir skimunargagnagrunninn sé nú í sjónmáli.

Virðingarfyllt,



Ágúst Ingi Ágústsson

Yfirlæknir

Samhæfingarstöð Krabbameinsskimana